

Landsnet hf.
Gnýr Guðmundsson
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 20. júlí 2021
UST202106-155/B.S.
10.05.04

Efni: Tillaga að kerfisáætlun 2021 - 2030 – Landsnet. Umsögn

Vísað er til bréfs Landsnets dags. 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofagnreinda tillögu að kerfisáætlun.

Í umsögninni mun Umhverfisstofnun leggja áherslu á verklag við ýmsar framkvæmdir Landsnets á næstu árum þar sem stofnunin telur að ýmislegt mætti betur fara.

Niðurrif eldri lína. Nú er ljóst að þegar líftími ýmissa lína í dreifikerfi raforku og þá sérstaklega tréstaúra lína fer senn að ljúka og að víða munu jarðstrengir koma í stað þeirra lína sem rifnar verða. Því ætti Landsnet að tileinka sé ákveðin vinnubrögð við frágang eldri línustæða. Ekki ætti að láta nægja að fjarlægja einungis staurana sjálfa heldur þarf að huga að línustæðinu í heild og er þá átt við að gengið verði frá ummerkjum s.s. múffum sem ýtt hefur verið upp að staurum og línuvegum sem víða eru einungis troðingar og þar af leiðandi eru víða umtalsverð ummerki eftir línulagnir sérstaklega þar sem farið var um votlendi. Ef ekki er ætlunin að nýta línustæðið frekar ætti að ganga frá þessum ummerkjum og leitast við að afmá þau.

Þar sem oftast er ekki um eiginlega línuvegi að ræða við eldri línur þarf að huga vel að verktíma þega að niðurrifi kemur. Til að lágmarka frekara rask ætti að rífa línurnar þegar land er hvað þurrast og þolir umferð vinnuvéla og reyna ætti að fjarlægja staura af línustæðinu á snjó ef þess er nokkur kostur ef ætlunin er að draga staurana burt.

Varðandi val á strengleiðum telur Umhverfisstofnun að leggja eigi sérstaka áherslu á velja leiðir með hliðsjón af því hversu vel jarðlög henta til strenglagningar og mætti hér einnig líta til þess hvort notkun sæstrengja gæti í sumum tilfellum komið til greina.

Umhverfisstofnun vill benda á að á síðustu árum er að ryðja sér til rúms verklag við línulagnir þar sem stagfestur eru í auknu mæli boraðar í berg þannig að einungis er raskað rúmlega lófastóru svæði ef klöpp er á yfirborði. Þessi vinnubrögð auka að mati Umhverfisstofnunar líkur á því að unnt verði í auknu mæli að leggja háspennulínur þar sem slík mannvirki henta betur en jarðstrengir þannig að loftlína verði að sem stærstum hluta afturkræf hvað rask á yfirborði varðar ólíkt jarðstrengjum. Einnig mætti hafa í huga aukin sveigjanleika þegar línu- eða strengleiðir eru valdar því algerlega óvíst er að línustæði henti sem strengleið og öfugt.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við Kerfisáætlun Landsnets.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnes Þorkelisdóttir
Agnes Þorkelisdóttir
Sérfræðingur